

Ársfundur Kennarasambands Íslands 2016

15. apríl kl. 10 á Grand Hótel Reykjavík



Fundarboð

Til fulltrúa á ársfundi KÍ 2016.

Tíundi ársfundur Kennarasambands Íslands verður haldinn á Grand Hótel, Hvammi, föstudaginn 15. apríl n.k. kl. 10 – 16. Morgunhressing er frá kl. 9:30 og að loknum fundi verða léttar veitingar í boði.

Um hlutverk ársfundar segir í lögum Kennarasambandsins í 18. grein:

„Ársfundir

Þau ár sem ekki er haldið þing KÍ, skal stjórn boða til ársfundar Kennarasambands Íslands. Á ársfundi eiga seturétt stjórn KÍ, stjórnir, skólamála- og samninganefndir aðildarféлага KÍ, ásamt formönnum nefnda sem starfa samkvæmt lögum KÍ og nefnda sem starfa samkvæmt ákvörðun þings. Þá eiga jafnframt seturétt skoðunarmenn reikninga KÍ og aðrir sem stjórn KÍ ákveður hverju sinni.

Á ársfundi skal stjórn leggja fram endurskoðaða reikninga KÍ fyrir næstliðið ár til kynningar, skýrslu yfir starfsemi sambandsins og nefnda þess. Á ársfundi skal taka fyrir málefni sem varða innra starf, skólamál, kjaramál og önnur þau mál sem efst eru á baugi að mati stjórnar hverju sinni. Kostnaður vegna ársfunda KÍ greiðist af Kennarasambandi Íslands.“

Þeir sem búa úti á landi og þurfa flug til Reykjavíkur eru beðnir að panta flugfar og leggja út fyrir því. Útlagður kostnaður verður síðan endurgreiddur í kjölfar fundarins. Þetta er gert þar sem fargjöld eru lægri sé gengið frá pöntun og greiðslu með þessum hætti. Fundurinn hefst kl. 10:00 þannig að flestir eiga að geta ferðast til Reykjavíkur þá um morguninn og heim að fundi loknum. Fundarlok eru áætluð kl. 16:00.

Þeir sem koma akandi til fundar af landsbyggðinni eru hvattir til þess að sameinast í bíla.

Ef einhver á þess ekki kost að ferðast til Reykjavíkur að morgni á fundardegi og þarf af þeim orsökum gistingu eru sá hinn sami beðinn að hafa samband við Þröst á skrifstofu KÍ, throstur@ki.is í síðasta lagi föstudaginn 8. apríl. Þröstur tekur einnig við tilkynningum um forföll ef einhver eru.

Fullbúin dagskrá, ásamt skýrslu stjórnar og fleira verða send út þegar nær dregur. Stefnt er að því að hafa fundinn pappírslausan. Þeir ársfundarfulltrúar sem vilja hafa fundargögnin fyrir framan sig verða að mæta með fartölvu eða spjaldtölvu.

Meðfylgjandi eru reglur um ferðakostnað.

Með félagskveðju,
f.h. Kennarasambands Íslands
Þórður Á. Hjaltsted formaður